



Skipulags-og byggingarnefnd Fundargerð

Fundur nr.104 haldinn á skrifstofu Skaftárhrepps Klausturvegi 10, þriðjudaginn 2.september 2014 klukkan 15:00. Mættir eru nefndarmenn Jóhannes Gissurarson formaður nefndarinnar, Guðbrandur Magnússon, Davíð Andri Agnarsson, Páll Jónsson, Kristbjörg Hilmarsdóttir og Vigfús P. Hróbjartsson fulltrúi skipulags - og byggingarmála.

Dagskrá:

Byggingarmál:

1. Rif byggingar – Rofabær

Jarðeignir ríkisins kynna áform sín um að rífa húseign í byggingu að Rofabæ landnr.163427. Viðkomandi bygging er ekki skráð í fasteignaskrá, enda hefur hún ekki náð byggingarstigi 3, burðarvirki fullreist. Áætlað er að urða bygginguna á staðnum. Eingöngu er um steinsteypu og timbur að ræða.

Skipulags –og byggingarnefnd gerir ekki athugasemd við að viðkomandi hús verði fjarlægt og urðað á staðun. Hafa skal að leiðarljósi umsögn heilbrigðiseftirlits suðurlands við urðun á staðnum. Fulltrúa skipulags –og byggingarmála falið að klára málið þegar formleg umsókn berst um rif.

2. Rif bygginga – Efri-Ey 1

Hörður Daði Björgvinsson Sækir um leyfi til að rífa eftirfarandi fasteignir: 218-9059-07 Fjárhús byggt 1960 - 218-9063-12 Hlaða byggð 1960 - 218-9061-09 Hesthús byggt 1964. Viðkomandi matshlutar hafa verið dæmdir ónýtir af landsúttektarmönnum ríkisins.

Samþykkt. Fulltrúa skipulags –og byggingarmála falið að afskrá mathlutana að rifum loknum

3. Rif Byggingar – Austurhlíð

Guðgeir Sumarliðason sækir um leyfi til að rífa eftirfarandi fasteignir matshl.06 Fjárhús, matshl. 08 hesthús og matshl. 14 Reykhús. Húsin eru ýmist illa farin eða hrunin.

Samþykkt. Fulltrúa skipulags –og byggingarmála falið að afskrá mathlutana að rifum loknum

4. Skerjavellir 6 – Stækkun bílageymslu

Hilmar Gunnarsson 130340-4159 sækir um byggingarleyfi fyrir stækkun bílageymslu að Skerjavöllum 6 samkv. Meðfylgjandi upprætti.

Samþykkt. Fulltrúa skipulags –og byggingarmála falið að ljúka málínu.

5. Breiðabólsstaður – Byggingarleyfi

Sigurjóna Matthíasdóttir kt.131255-3309 sækir um byggingarleyfi fyrir 79,5 m² íbúðarhúsi að Breiðabólsstað á lóð 222435 Breiðabólsstaður samkv. meðfylgjandi uppdrætti. Um er að ræða timburhús sem flutt verður á staðinn frá Hellu, skráð í fasteignaskrá undir landnr.164882 fastanúmer - 225-6791

Samþykkt. Skipulags –og byggingarfulltrúa falið að ljúka málinu

6. Langisjór – Byggingarleyfi

Vatnajökulsþjóðgarður kt. 441007-0940 sækir um byggingarleyfi fyrir forsmíðuðum þjónustuhúsum samkv. meðfylgjandi uppdráttum og umsókn við Langasjó.

Samþykkt. Skipulags –og byggingarnefnd bendir þó á að viðkomandi hús fara lítillega út fyrir þau stærðarmörk sem gefin eru í deiliskipulagi svæðisins. Mælst er til þess að viðkomandi svæði verði skilgreint sem verslunar –og þjónustusvæði í aðalskipulagi Skaftárrepps við næstu endurskoðun aðalskipulags og deiliskipulag verði uppfært í kjölfar þess. Nefndin hvetur umsækjendur til að kynna sér vel deiliskipulagsskilmála í gildi áður en hafist er handa við hönnun og smíði mannvirkja á deiliskipulögðum svæðum. Frávik þetta frá stærðarmörkum deiliskipulags fellur undir 3.lið 43.gr. skipulagsreglugerðar nr.123/2010 að mati nefndarinnar.

Skipulagsmál:

7. Skaftárvellir – Deiliskipulag

Á fundi skipulags –og byggingarnefndar þann 8.júlí síðastliðinn var tekin afstaða til athugasemda sem bárust vegna deiliskipulagstillögu við Skaftárvelli. Ekki var talið að um verulegar breytingar eftir auglýsingu væri að ræða og var samþykkt að tillagan yrði send skipulagsstofnun til yfirferðar fyrir auglýsingu í B-deild stjórnartíðinda samkv.

42.gr.skipulagslagar nr. 123/2010. Heilbrigðiseftirlit Suðurlands sendi fulltrúa skipulags-og byggingarmála Skaftárrepps ítrekaða athugasemd vegna málsins og telur ekki að athugasemdum þeirra hafi verið svarað á fullnægjandi hátt.

Athugasemdir heilbrigðiseftirlits snúa að fráveitumálum svæðisins sbr.meðfylgjandi skjali.

Lagt er fyrir nefndina uppfært deiliskipulag þar sem tekið er ítarlegar á skilmálum vegna fráveitumála. Í breytingunni felst að reiknað er með þriggja þreppa hreinsistöð til framtíðar fyrir þéttbýlið á Kirkjubæjarklaustri sem staðsett verður utan deiliskipulagssvæðis.

Skipulags –og byggingarnefnd vill jafnframt koma því áleiðis til sveitarstjórnar að ráðist verði í áætlun um uppyggingu fráveitumannvirkja fyrir þéttbýlið á Kirkjubæjarklaustri. Nefndin telur að viðkomandi breytingar teljist óverulegar eftir auglýsingu og mælist til þess að skipulagið verði sent til samþykktar skipulagsstofnunnar samkv. 42.gr. skipulagslagar nr. 123/2010 fyrir birtingu í B-deild stjórnartíðinda.

8. Austurhlíð – Stofnun lóða

Guðgeir Sumarliðason 291037-2409 sækir um stofnun lóða úr landi Austurhlíðar 163298 samkv. framlögðum umsóknum og uppdrætti.

Samþykkt. Fulltrúa skipulags –og byggingarmála falið að ljúka málinu.

Ekki fleira gert

Fundi slitið kl. 15:39